



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 135/52
komudagur 2. 11. 2007

Dagsetning
2.11. 2007

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 91. mál, gjald fyrir veiðiheimildir í þorski og rækju.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið, sem felur í sér tímabundna niðurfellingu veiðigjalds og er hluti þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa ákveðið að grípa til vegna samdráttar í mögulegum veiðum þessara tegunda. Stofnunin telur þessar breytingar nauðsynlegar og styður þær, þó að ljóst sé að víða þarf að grípa til frekari aðgerða vegna niðurskurðar og aflabrests í einstökum byggðarlögum.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson

Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar

Dagsetning
20.11. 2007

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um breytingu á lögum nr. 116, 10. Ágúst 2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið, sem felur í sér tímabundna frestun veiðigjalds vegna þorskveiða á árunum 2007/2008 og 2008/2009 auk endurgreiðslu vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Hér er um að ræða hluta þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa ákveðið að grípa til vegna samdráttar í mögulegum þorskveiðum. Stofnunin telur þessar breytingar nauðsynlegar og styður þær, þó að ljóst sé að víða þarf að grípa til frekari aðgerða vegna niðurskurðar og aflabrests í einstökum byggðarlögum.

Virðingarfyllt




Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar

Landbúnaður og
sjávarútvegsnefnd
26. nóv 2007

- Bæjarstjórn Vestmannaeyja er ósátt við veiðileyfagjaldið og telur það mismuna byggðum landsins.
- Atvinnusvæði landsins og atvinnugreinar eiga í samkeppni um mannauð og fjármagn.
- Þegar rætt er um sjávarútveginn er of oft farið að ræða hugmyndafræði.


Þorskígildi í suðurkjördæmi og á
höfuðborgarsvæði



- Hlutdeild höfuðborgarsvæðis annars vegar og suðurkjördæmis hins vegar
- Á kjörskrá í suðurkjördæmi voru við síðustu Alþinglokningar 30,6 þúsund en á höfuðborgarsvæðinu, að Akranesi fráttóðu, 141,5 þúsund

Hve hátt er gjaldið?

Miðað við að auðindaskattur hefði verið álagður á árabílinu 1991-2007 má ætla að hann hefði numið um 7 milljörðum bara fyrir suðurkjördæmi.



- Suðurkjördæmið greiðir hæsta hlutfall allra kjördæma af veiðigjaldinu eða um og yfir 30% skattsins.

Hversu mikið eru Eyjamenn að
greiða?


Eyjamenn eru að
greiða 108.501.397
krónur.

Þvottarfélag	Þ.kr.
Vestmannaeyjar	108.501.397
Reykjavík	80.935.835
Al Reyri	61.699.620
Grosvík	53.098.119
Neðraþéttur	48.771.761
Ákranes	42.380.461
Hornaþéttur	32.594.425
Estiþéttur	26.510.911
Hafnarþéttur	21.004.970



Landsbyggðarskattur

35% íbúana
(landsbyggðin)
greiðir 85%
skattsins.



Sjávarbyggðum hefur blætt. Í
atvinnuuppbyggingu hefur ríkið gripið til
umdeildrar uppbyggingar í stóriðju og
virkjunum. Meðal annars hefur
skattaívilnun verið beitt

Er eðlilegt að Eyjamönnum (og fleirum)
sé hengt fyrir það að vinna fisk í stað
þess að bræða ál, selja verðbréf eða
virkja orku?

Annað samhengi, orka landsins er
þjóðareign. Hvað myndu Orkuveita
Reykjavíkur og Landsvirkjun greiða?

Orkuveita Reykjavíkur

Rekstrarkostnaður	3	18.101.098
Óvæðing		3.424.548
Lán og þrenging	5	(2.977.031)
Aðrir rekstrarkostnaðir		(3.163.066)
Aflskattur	10	(4.573.031)
Rekstrargagnaður		3.963.391
Þjófsvæðing	6	1.077.139

Framlegð: Afskriftir (4.573.031) + Rekstrargagnaður (3.963.391) =
8.536.422

Auðlindagjald = 9,5% af 8.536.422 = **810.960.000**

Landsvirkjun

	1981	2000	Samtals
Rekstrarkostnaður			
Stofnframlag	17.743.747	13.721.211	
Formgagnagjöld	7.090.118	3.523.890	
Aðrir gjöld	294.127	377.763	
	25.128.032	17.622.864	
Rekstrargagnaður			
Óvæðing	3.429.963	2.430.645	
Lán og þrenging	1.210.936	(2.944.822)	
Aðrir rekstrarkostnaðir	333.628	332.447	
Aflskattur	29	(3.281.399)	
Aðrir gjöld	(42)	(3.281.399)	
	5.003.554	(3.864.328)	
Rekstrargagnaður	9.124.502	5.724.674	

Framlegð: Afskriftir (5.131.378) + Rekstrargagnaður (9.789.105) = 14.920.483

Auðlindagjald = 9,5% af 14.920.483 = **1.417.445**

Auðlindagjald er landsbyggðaskattur
sem leggst þyngst á köldu svæði
landsins.

Vestmannaeyjabær fer fram á
jafnræði í álögum á atvinnuvegina.



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi
Erindi nr. P 135/28
komudagur 29.10.2007*

**Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík 25. október. 2007

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 91. mál, gjald fyrir veiðiheimildir í þorski og rækju.

FFSÍ hefur frá upphafi verið andsnúið sértækri gjaldtöku fyrir veiðiheimildir.

**Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands**

Árni Bjarnason

Alþingi
Erindi nr. P 135/79
komudagur 5.11.2007

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 2. nóvember 2007

Efni: Umsögn um breytingar á lögum, nr. 116/2006, mál nr. 91.

Efni frumvarpsins er tvíþætt. Annarsvegar er lagt til að ákvæði IV til bráðabyrgða vari lengur, eða til og með fiskveiðiársins 2008/2009. Hinsvegar er lagt til að ekki skuli lagt veiðigjald á veiðiheimildir í þorski sem veittar eru á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009. Einnig er kveðið á um að Fiskistofa endurgreiði þegar innheimt veiðigjald fyrir veiðiheimildir í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári. VM tekur undir efnisákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna



Helgi Laxdal, varaformaður VM.

Alþingi
Erindi nr. P 135/19
komudagur 26.10.2007



F I S K I S T O F A

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík


Hafnarfjörður, 23.10.2007
Tilv. 0025/2007 - 60.12

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006 um stjórn fiskveiða, 91. mál, gjald fyrir veiðiheimildir í þorski og rækju.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar, dags. 18. október 2007, þar sem Fiskistofu er gefinn kostur á að gefa umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F. h. Fiskistofu

Hrefna Gísladóttir



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 135/9

komudagur 22.10.2007

Reykjavík, 22.10.2007

Tilv. 21.9.1/POR

JS/sv

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 91. mál, 135. löggj. þing 2007-2008.

Vísað er í erindi Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 18. október 2007 um ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnun hefur engar athugasemdir fram að færa um ofangreint frumvarp sem mælir fyrir tímabundinni breytingu á gjaldi fyrir veiðiheimildir á þorski og rækju.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/81
komudagur 5. 11. 2007



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 5. nóvember 2007.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, mál 91, gjald fyrir veiðiheimildir í þorski og rækju.

Okkur hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Við fögnum þeirri meginhugsun sem fram kemur í frumvarpinu um að fella niður veiðigjald á aflamark í þorski. Við teljum hinsvegar að rétt sé að stíga skrefið til fulls og fella ákvæði um veiðigjald á sjávarútveginn úr gildi.

Fyrir því eru fjölmörg rök og skulu þau helstu nefnd hér:

Sértækt gjald á íslenskan sjávarútveg.

Veiðigjaldið er sértækur skattur á íslenskan sjávarútveg umfram aðrar atvinnugreinar. Við teljum að skattlagning einnar atvinnugreinar umfram aðrar samrýmist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Við erum ekki að leggja til að nýting náttúruauðlinda verði almennt skattlögð, en það gengur ekki að skattleggja eina atvinnugrein sérstaklega.

Íslenskur sjávarútvegur á í harðri samkeppni við sjávarútveg annarra landa en nánast allar afurðir okkar seldar úr landi. Það er einsdæmi að innheimta auðlindagjald af sjávarútvegi með þeim hætti sem hér er gert og víða eigum við í samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg. Álagningin er því stórskadleg íslenskum sjávarútvegs-fyrirtækjum í hinni alþjóðlegu samkeppni sem þau búa við.

Ofurgjald.

Veiðigjaldið er afar hátt þegar litið er til afkomu sjávarútvegsins. Þó að hluta til sé tekið tillit til kostnaðarþátta er gjaldstofninn ákvarðaður áður en tekið hefur verið tillit til allra útgjalda. Því getur verið um álagningu gjalds að ræða þótt tap verði á rekstrinum. Í þeim tilfellum er um eignaupptöku að ræða af hálfu ríkisvaldsins.

Hagstofa Íslands vinnur upplýsingar um afkomu sjávarútvegsins úr ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja. Ekki eru tiltækar nýrri upplýsingar er frá árinu 2004 en samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar um afkomu útgerðarinnar á því ári má ætla að veiðigjaldið hafi numið um 37 % af hagnaði útgerðarinnar. Af því sést að hér er um ofurskattlagningu að ræða en ekki hóflegt gjald.

Almennt greiða fyrirtæki 18% tekjuskatt af hagnaði sínum. Þetta á jafnt við um útgerðarfyrirtæki sem önnur fyrirtæki, en veiðigjaldið er til viðbótar 18% tekjuskatti á hagnað útgerðarfyrirtækja. Vandséð eru þau rök að skattleggja útgerðir sérstaklega með þeim hætti sem gert er, en auðséð er hvert það leiðir í samkeppni þeirra við aðrar atvinnugreinar um fólk og fjármagn.

Landsbyggðarskattur.

Það er alkunna að yfirgnæfandi hluti sjávarútvegsfyrirtækja er á landsbyggðinni. Því leggst sérstök gjaldtaka á sjávarútveginn fyrst og fremst á fyrirtæki á landsbyggðinni. Sjávarútvegsfyrirtækin eru burðarásinn í atvinnulífi landsbyggðarinnar og því líklegust til að stuðla að uppbyggingu og framförum þar eins og dæmin sanna. Með innheimtu sérstaks gjalds á sjávarútveginn er verulega dregið úr möguleikum fyrirtækjanna til frekari uppbyggingar og þar með aukið á vanda landsbyggðarinnar með tilheyrandi samfélagslegum afleiðingum.

Ríkið tapar á innheimtu veiðigjalds.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands rannsakaði samband veiðigjalds og skatttekna ríkisins að okkar beiðni þegar frumvarp um það var lagt fram á sínum tíma. Leitast var við að varpa ljósi á það hvernig skatttekjur hins opinbera kunna að breytast við álagningu eða hækkun gjalds á sjávarútveginn. Markmið skýrslunnar var að vekja athygli á og lýsa þeim hagrænu breytum og samböndum sem mestu ráða um hvort og hversu mikið skatttekjur hins opinbera myndu breytast í kjölfar álagningar veiðigjalds. Þá var reynt að sýna hvaða stærðir gæti verið um að ræða.

Meginniðurstaða Hagfræðistofnunar var sú að neikvæð áhrif veiðigjalds á eignir landsmanna og þá einkum á landsframleiðslu gætu leitt til þess að tekjuaukning hins opinbera af álagningu veiðigjalds verði engin eða jafnvel neikvæð. Hagfræðistofnun taldi verulegar líkur á því að álagning veiðigjalds muni lækka heildarskatttekjur hins opinbera þegar fram í sækir. Þessi lækkun gæti orðið innan tiltölulega fárra ára frá álagningunni, sennilega innan 10 – 20 ára.

Rétt er að vekja athygli á því að í skýrslunni voru áhrif þess að veiðigjald á sjávarútveginn leggst fyrst og fremst á fyrirtæki á landsbyggðinni ekki metin sérstaklega.

Hækkar á milli fiskveiðiára.

Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að fella gjaldi niður af aflamarki í þorski er rétt að vekja athygli á því að gjaldið hækkar á milli fiskveiðiára.

Hátt gengi íslensku krónunnar.

Frá því að veiðigjald var lagt á hefur gengi íslensku krónunnar verið mjög hátt skráð og langtum hærra en það sem almennt er talið að samræmist markmiðum um jafnvægi í efnahagsmálum. Ekki er óvarlegt að áætla að sjávarútvegurinn hafi á þeim tíma sem um

ræðir orðið af um 75 – 80 milljarða tekjum vegna þessa. Þessi tekjuskerðing ætti ein og sér að vera nægjanleg réttlæting fyrir niðurfellingu gjaldsins.

Þá hafa útgjöld vegna hækkunar olíuverðs aukist um u.þ.b. 6 milljarða á ári milli árána 2003 og ársins í ár. Ekki er fyrirséð að olíuverð lækki í bráð, þvert á móti gera spár ráð fyrir frekari hækkun.

Ein helsta röksemd fyrir álagningu gjaldsins á sínum tíma var að skattleggja ætti “umframhagnað” í greininni, þ.e. hagnað umfram það sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Þessi umframhagnaður er ekki fyrir hendi og ekkert sem bendir til þess að svo verði í bráð.

Að öllu framangreindu virtu teljum við augljóst að innheimta veiðigjalds á íslenskan sjávarútveg samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða sé hrein tímaskekkja og förum þess eindregið á leit að ákvæði þar að lútandi verði felld úr gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

5. nóvember 2007

**Efni: Umsögn frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116
10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

Landssamband smábátæigenda (LS) gerir ekki athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að veiðigjald vegna þorsks skuli felld niður á yfirstandandi fiskveiðiári og á því næsta. Niðurfelling gjaldsins er ætlað að koma til móts við tekjutap útgerða vegna niðurskurðar aflamarks í þorski. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að heildarfjárhæð gjaldsins sé 275 milljónir og að aflaverðmæti muni dragast saman um 9.200 milljónir. Bætur þær sem hér um ræðir eru því 3% af þeim aflaverðmætum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands telur að útgerðir og sjómenn verði af. Vandséð er hvað hafi verið lagt til hliðsjónar þegar upphæð mótvægisáðgerðinnar var ákveðin.

LS vekur athygli nefndarinnar á að með skerðingu veiðiheimilda í þorski er verið að minnka möguleika útgerða á að veiða ýsu. Undanfarin 2 ár hefur þorskur verið veiddur sem meðafli við ýsuveiðar og með beitingu nýjustu tækni hefur undraverður árangur náðst. Að beitan taki mið af því að ýsan á að vera uppistaða aflans, lagt á mið þ.s. ýsan gefur sig betur en þorskurinn osfrv. Nú þegar búið er að minnka meðafli er einsýnt að ýsuveiðar muni dragast saman. M.t.t. til forsenda fyrir niðurfellingu veiðgjalds í þorski leggur LS til að veiðigjöld fyrir ýsu auk annarra botnfisktegunda verði einnig felld niður.

Frá því Hafrannsóknastofnunin birti tillögur um þorskafli þessa fiskveiðiárs hefur LS lagt fram fjölmörg rök sem styðja að ekki hafi verið rétt að fara að tillögum stofnunarinnar. Í framhaldi af því hefur LS hvatt stjórnvöld til að auka þorskvótann um 14% frá sl. ári og heimila veiðar á 220 þús. tonnum. LS ítrekar hér með tillögu sína.

Í aðalályktun 23. aðalfundar Landssambands smábátæigenda sem haldinn var 18. og 19. október sl. er sérstaklega vikið að ákvörðun stjórnvalda. Ályktunin er eftirfarandi:

„Landssamband smábátæigenda lýsir miklum áhyggjum yfir þeirri ákvörðun Hafrannsóknastofnunarinnar og í kjölfarið stjórvalda að hafa að engu reynsiu, skoðanir og tillögur smábátæigenda sem og fjölmargra starfsbræðra þeirra á stærri skipum flotans varðandi ástand þorsstofnsins.

Í stað þess að leita skýringa á því hvers vegna gjáin breikkar sífelld milli vísindamanna og reynslu þeirra sem starfa á vettvangi, eru sjónarmið hinna síðarnefndu troðin í svaðið og „fiskifræði sjómannsins“ gerð að skammaryrðum sem standi fyrir græðgi og óábyrgni. Fátt er fjær sanni. Fiskifræði sjómannsins lítur að öllum þeim þáttum er varða fiskveiðarnar, s.s. gerð veiðarfæra, svæðisskiptri nýtingu og friðun miða, samspil ætis og fiskistofna sem og annarra umhverfisþátta. Stundum er niðurstaða fiskimanna sú að rétt sé að veiða meira – en stundum minna. Það síðarnefnda er sjaldnast fréttæfni.

Bent skal á að fjölmargir veiðimenn hafa til langs tíma krafist þess að loðnuveiðar verði annað hvort stöðvaðar, dregið verulega úr þeim eða núverandi veiðarfærabeitingu breytt verulega. Þá krefst Landssamband smábátæigenda þess að samspil loðnu- og rækjuveiða verði rannsakað í tengslum við ætisþörf og -leit þorsksins. Fram til þessa hefur verið skellt skollaeyrum við þessari „fiskifræði sjómannsins“. Í áratugi var farið í einu og öllu eftir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi rækjuveiðar í Húnaflóa. Rækjuveiðarnar á svæðinu undir þessari strangvísindalegu stjórnun eru nú rjúkandi rústir.

Landssamband smábátæigenda telur aðferðafræði stofnunarinnar (togararallið) ónýta mælistiku sem hvorki getur mælt stærð þorsstofnsins né fjölda nýliða. Það er t.d. staðreynd að sáralítil hluti togstöðvanna er innan 12 mílna lögsögunnar þar sem stærstur hluti þorsstofnsins elst upp og heldur sig.

Skyndilokanir vegna smáþorsks hafa aldrei verið fleiri en á yfirstandandi ári. Þetta stingur gjörsamlega í stúf við fullyrðingar um lélega nýliðun. Hingað til hefur Hafrannsóknastofnunin ekki séð ástæðu til að útskýra þessa þverstæðu.

Þeirri spurningu er einnig ósvarað hvers vegna veigaminustu veiðarfærin sem notuð eru af íslenskum fiskimönnum ná dag eftir dag, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár að veiða meira á hverja úthaldseiningu en þegar þorsstofninn átti að vera, samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar, margfalt stærri. Sú skýring stofnunarinnar að þorskurinn sé svo „veiðanlegur“ er herfileg móðgun við heilbrigða skynsemi og á ekkert skylt við vísindalega nálgun. Myndu þær skýringar veiðimanna, eftir langvarandi lélega veiði, teknar gildar að nóg væri af fiski en „veiðanleikinn“ í lágmarki?

Landssamband smábátæigenda krefst þess að reynsla veiðimanna og tillögur þeirra fái vægi í ákvarðanatöku varðandi leyfilegan heildarafla. Allt tal um samráð og samvinnu við þá hefur nú opinberast sem hrein látalæti sem engu skipta.

Smábátáutgerðin er sá hluti útgerðarinnar sem tekur mestan skellinn af

samdrætti í þorskveiðiheimildum. Það er því að nudda salti í sárin að nú þegar hafa verið opnuð viðkvæm svæði fyrir botndregin veiðarfæri á nokkrum stöðum við landið. Landssamband smábátæigenda skorar á hstv. sjávarútvegsráðherra að stöðva þessa þróun nú þegar.

Hinn svokallaði „flati“ niðurskurður í þorskveiðiheimildum er síður en svo flöt skerðing í heildartekjum hinna ýmsu útgerða. Þannig eru þeir sem hafa nánast allar veiðiheimildir sínar í þorski – sem á við um stærstan hluta smábátaflotans og sér í lagi þá sem stunda handfæraveiðar – að verða fyrir mun meiri búsifjum en stórútgerðarfyrirtæki með blandaðar veiðiheimildir. Það er krafa Landssambands smábátæigenda að mótvægisaðgerðir stjórnvalda taki tillit til þessarar staðreyndar.

Smábátaútgerðin er burðarás fjölmargra sjávarbyggða. Sú mikla tekjuskerðing sem nú blasir við er jafnframt áfall fyrir byggðimar. Framundan er varnarbarátta, en það er bjargföst sannfæring Landssambands smábátæigenda að æ háværi kröfur á alþjóðavettvangi um vistvænar veiðar og hágæða hráefni muni reynast búbót sem um munar. Framhjá þessum staðreyndum geta hvorki stjórnvöld né aðrir litð.“

Í ályktunum aðalfundarins er einnig sérstaklega vikið að mótvægisaðgerðum vegna skerðingu þorskveiðiheimilda um 63 þúsund tonn. Samþykktimar eru eftirfarandi:

Landssamband smábátæigenda

- skorar á stjórnvöld að koma með beinum hætti til móts við gríðarlegt tekjutap sjómanna og útgerðar með stórhækkun sjómannaafsláttar og niðufellingu gjalda á útgerðina, svo sem veiðileyfagjald af öllum bolfiski, vita- og skipagjöld svo og öðrum þjónustugjöldum sem innheimt eru af útgerðinni.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að taka aftur skerðingu rækjubóta. Þeir aðilar sem notið hafa þessara bóta eru í mjög erfiðri stöðu og ekki á hana bætandi að skerða það lítilræði sem þeim hefur verið bætt upp vegna mikilla markaðsvandræða og aflabrests í rækju.

LS hvetur sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis til að fara vandlega yfir sjónarmið félagsins við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Til Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar Alþingis
Frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, SFÁÚ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga er varðar niðurfellingu veiðiheimilda í þorski og ýsu á árunum 2007-2009, merkt sem 91. mál.

SFÁÚ gefur eftirfarandi umsögn um þetta mál:

Eins og getið er um í athugasemdum við ofangreint frumvarp er því ætlað að koma til móts við þær útgerðir er verða fyrir skerðingu veiðiheimilda vegna niðurskurðar aflamarks í þorski.

Stjórn SFÁÚ gerir engar athugasemdir við umræddar fyrirætlanir og metur þær vel skiljanlegar í ljósi aðstæðna.

Stjórn SFÁÚ leyfir sér hinsvegar að vekja athygli háttvirtar Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar á því að neikvæð áhrif af hinum mikla niðurskurði í þorskafli bitnar ekki á útgerðinni einni, heldur kemur einnig hart niður á starfandi fiskvinnslufyrirtækjum.

Stjórn SFÁÚ hefur áður gert háttvirtri nefnd grein fyrir hve brýnt er að mæta þessum niðurskurði með því að auka aðgengi fiskvinnslufyrirtækja að hráefni, eins mikið og framast er unnt.

Nærtækast er að það verði gert með því að allur óunninn fiskur verði seldur á Íslandi enn ekki sendur óseldur úr landi.

Stjórn SFÁÚ vill því af þessu tilefni ítreka sjónarmið sín um að sala á umræddum fiski fari fram á Íslandi þannig að íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum gefist kostur í að bjóða í umræddan fisk.


Það er mat Samtakanna að slík breyting náist ekki fram án íhlutunar stjórnvalda.

Því skorar stjórn SFÁÚ hér með á háttvirta Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd að beita sér fyrir því að allur óunninn íslenskur fiskur verði seldur á Íslandi.

Kópavogi 1. nóvember 2007

Virðingafyllst

F.h. stjórnar SFÁÚ



Óskar Þór Karlsson

Reykjavík, 22. október 2007

Sjávarútvegs-og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: 91. mál, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, gjald fyrir
veiðiheilmildir í þorski og rækju.**

Samtök fiskvinnslustöðva (SF) gera athugasemdir við frumvarpið og telja að það gangi ekki nógu langt. Á aðalfundi félagsins, föstudaginn 28. september s.l. var svohljóðandi ályktun samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva skorar á stjórnvöld að fella alfarið niður nú þegar veiðigjald á sjávarútvegsfyrirtæki. Það væri skjótvirkasta mótvægisáðgerðin fyrir sjávarútveginn í heild og skapar niðurfelling þessarar sértæku skattheimtu á eina atvinnugrein, ekki fordæmi fyrir aðrar atvinnugreinar. Ályktunin í heild er í viðhengi.

Virðingarfyllt,



Guðbergur Rúnarsson
Samtök fiskvinnslustöðva

Viðhengi: Ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva 28. september 2007

Ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva 28. september 2007

Á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var í dag voru lagðar fram upplýsingar um þróun heildarafla, afurðaverðs, gengis, hráefniskostnaðar og annarra útgjaldaliða er ráða miklu um afkomu í sjávarútvegi.

Þessir gögn staðfesta erfiða afkomu einstakra vinnslugreina og sjávarútvegsins í heild. Verðlag á íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur haldist hagstætt að frátöldum afurðum rækjuvinnslunnar, en kostnaður innanlands hefur á móti hækkað mikið. Framundan er rúmlega 30% skerðing þorskveiðiheimilda, sem leiðir til allt að 20 milljarða skerðingu útflutningstekna sjávarafurða á næsta ári. Mótvægisáðgerðir stjórnvalda vega lítið á móti því gríðarlega tjóni sem sjávarútvegsfyrirækin standa frammi fyrir. Við þessar aðstæður hefur gengi íslensku krónunnar tekið að styrkjast á nýjan leik sem eykur enn á vandann sem var nægur fyrir.


Barátta Seðlabankans við þensluna með mjög háum stýrivöxtum er afar ómarkviss og bitnar harkalega á fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Peningamálastefna bankans hefur fyrst og fremst þau áhrif að halda uppi háu gengi krónunnar, en áhrif á fjárfestinga í atvinnulífi eða íbúðarhúsnæði eru hverfandi.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva skorar á stjórnvöld að láta fara fram nú þegar endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands meðal annars með það fyrir augum að endurskoða verðbólgaþrögn bankans. Háir stýrivextir bankans hafa leitt til hækkunar á gengi krónunnar og valdið miklu gengisflökti hennar á undanförmum mánuðum. Þessir háu stýrivextir og hækkun á gengi krónunnar hafa einnig ýtt undir einkaneyslu á meðan útflutnings- og samkeppnisgreinar hafa verið grátt leiknar.

Það gengur einfaldlega ekki að gengi íslensku krónunnar taki ekkert mið af aðstæðum útflutningsgreina, heldur stjórnist orðið að mestu af erlendum skammtímafjárfestum sem gera út á mikinn vaxtamun milli Íslands og okkar helstu viðskipta- og samkeppnislanda. Slíkt mun enda með ósköpum fyrr en síðar.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva skorar á stjórnvöld að fella alfarið niður nú þegar veiðigjald á sjávarútvegsfyrirtæki. Það væri skjótvirkasta mótvægisáðgerðin fyrir sjávarútveginn í heild og skapar niðurfelling þessarar sértæku skattheimtu á eina atvinnugrein, ekki fordæmi fyrir aðrar atvinnugreinar.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva skorar á stjórnvöld að stórauka hafrannsóknir við Ísland og leggja mikla áherslu á áframhaldandi rannsóknir á þorsstofninum og ýmsum vannýttum fisktegundum sem lítt hafa verið rannsakaðar.



12 mílna línan

Koralsvæði

FISKISTOFA
G.A. 23.11.2007

Alþingi
Erindi nr. Þ 13S/465
komudagur 26.11.2007

Endurskoðun sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar í desember 2007

Veiðigjald fiskveiðiár	Veiðigjald 2007/2008	Veiðigjald 2006/2007	Veiðigjald 2005/2006	Veiðigjald 2004/2005
Aflaverðmæti maí 200x - apríl 200z	84.459.395.418	67.908.716.726 kr	69.914.162.519	68.184.000.000
Laun 39.8%	33.614.839.376	27.027.669.257 kr	27.825.836.683	27.137.232.000
Olía 6.218.000.000	13.838.613.603	13.184.177.450 kr	9.863.512.551	6.259.000.000
Annar rekstrarkostnaður 17.568.000.000	<u>23.400.470.116</u>	<u>21.823.232.546 kr</u>	<u>20.964.244.701</u>	<u>20.180.000.000</u>
"Framlegð" - Viðmið veiðigjalds	13.605.472.323	5.873.637.473 kr	11.260.568.584	14.607.768.000
Grunnur til útreiknings veiðigjalds m.v. br.tillögu í des 2007 4,8%	653.062.671	428.775.536	743.197.527	876.466.080
"HLF veiðigjalds af framlegð"	8,0%	7,3%	6,6%	0
Breytingatillaga í des 2007 4,8%	449.693.284	469.653.224	485.735.522	441.350.000
Þorskígildi til grundvallar aflaverðmæti				
Gjald á þorskígildiskíló fiskveiðiárið m.v. 4,8%	1,45	0,91	1,53	1,99
Vísitala neysluverðs	Hækkun vísitölu frá viðmiðun	Hækkun vísitölu frá viðmiðun		
meðaltal 2000	199,1	199,1 stig	1,24221	
meðaltal maí '06- apríl 07	265,2	1,331993973	247,325	237,59 stig
Olía -				
Meðaltal 2000	260,13	260,13 stig	2,1203	
meðaltal maí 05 - apr 06	578,94	2,22557	551,56 stig	412,64 stig

Alþingi
Erindi nr. P 135/919
komudagur 10.12.2007

Veiðigjald - áætlaður úthlutaðar veiðiheimildir og landaður afli fiskveiðiárið 2007 - 2008 m.v. br.tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Fisk- tegu nd	Heiti		Heildarmagn úr sjó	Slægingarst.	Slægdur afli	Dorskígildi 2007/2008	Áætlaður afli í þig	Áætlað álagt veiðigjald af tegund	
1	Þorskur	Innan landhelgi	Kvótategund	130.000.000	0,84	109.200.000	1,00	114.013.232	165.574.601
1	Þorskur	Norsk lögsaga	Kvótategund	3.764.297	0,84	3.162.009			
1	Þorskur	Rússnesk lögsaga	Kvótategund	1.965.741	0,84	1.651.222			
2	Ýsa	Innan landhelgi	Kvótategund	100.000.000	0,84	84.000.000	0,82	69.173.171	100.456.060
2	Ýsa	Norsk lögsaga	Utan kvóta	273.572	0,84	229.800			
2	Ýsa	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	152.053	0,84	127.725			
3	Ufsi	Innan landhelgi	Kvótategund	75.000.000	0,84	63.000.000	0,43	27.167.376	39.453.556
3	Ufsi	Norsk lögsaga	Utan kvóta	212.880	0,84	178.819			
3	Ufsi	Utan landhelgi	Utan kvóta	1.340	0,84	1.126			
5	Gullkarf	Innan landhelgi	Kvótategund	46.935.538	1,00	46.935.538	0,60	33.807.596	49.096.751
5	Gullkarf	Norsk lögsaga	Utan kvóta	63.752	1,00	63.752			
5	Gullkarf	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	382	1,00	382			
61	Djúpkar	Innan landhelgi	Kvótategund	9.122.981	1,00	9.122.981	0,69	17.005.479	24.696.041
61	Djúpkar	Norsk lögsaga	Utan kvóta	10.448	1,00	10.448			
61	Djúpkar	Utan landhelgi	Utan kvóta	212.893	1,00	212.893			
11	Úthafsk Reykjaneshr. innan	Kvótategund	20.683.755	1,00	20.683.755	0,64	3.584.059	5.204.914	
11	Úthafsk Reykjaneshr. utan	Kvótategund	1.547.487	1,00	1.547.487				
11	Úthafsk Innan landhelgi	Utan kvóta	1.986	1,00	1.986				
11	Úthafsk Utan landhelgi	Utan kvóta	2.412.394	1,00	2.412.394				
6	Langa	Innan landhelgi	Kvótategund	7.000.000	0,80	5.600.000	0,38	1.881.000	2.731.664
6	Langa	Norsk lögsaga	Utan kvóta	115	0,80	92			
9	Steinbít	Innan landhelgi	Kvótategund	12.500.000	0,90	11.250.000	0,68	7.653.361	11.114.519
9	Steinbít	Norsk lögsaga	Utan kvóta	216	0,90	194			
9	Steinbít	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	5.276	0,90	4.748			
14	Skötuse	Innan landhelgi	Kvótategund	2.500.000	0,90	2.250.000	1,76	3.960.000	5.750.871
22	Grálúða	Innan landhelgi	Kvótategund	15.000.000	0,92	13.800.000	1,67	23.055.819	33.482.588
22	Grálúða	Norsk lögsaga	Utan kvóta	5.329	0,92	4.903			

22	Grálúða Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	1.062	0,92
23	Skarkoli Innan landhelgi	Kvótategund	6.500.000	0,92
23	Skarkoli Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	560	0,92
24	Sólkoli Innan landhelgi	Kvótategund	2.647.824	0,92
25	Langlúr. Innan landhelgi	Kvótategund	2.200.000	0,92
27	Sandkol Innan landhelgi	Kvótategund	1.500.000	0,92
27	Sandkol Norðursvæði	Utan kvóta	5.095	0,92
28	Skrápfli Innan landhelgi	Kvótategund	1.000.000	0,92
28	Skrápfli Norðursvæði	Utan kvóta	11.181	0,92
30	Norsk-ís Austurmið	Kvótategund	159.749.713	1,00
30	Síld Innan landhelgi	Kvótategund	150.000.000	1,00
31	Loðna Innan landhelgi	Kvótategund	307.058.278	1,00
34	Kolmun Innan landhelgi	Kvótategund	325.052.147	1,00
40	Humar Innan landhelgi	Kvótategund	1.900.000	0,31
41	Rækja Flæmingjagrunn	Kvótategund	804.974	1,00
41	Rækja Innfjarða	Kvótategund	3.867	1,00
41	Rækja Úthafsækja	Kvótategund	7.000.000	1,00

Landaður afli annarra tegunda í þíg

Samtals áætlað veiðigjald 2007/2008

þar af þorskur

þar af ýsa

þar af annar botnfiskur en ýsa og þorskur

þar af síld, loðna og kolmunn

Samtals áætlaður afli í þorskígild 2007/2008

Áætluð þorskveiði sem ekki á að greiða veiðigjald af

Áætluð þorskígild sem veiðigjald verður greitt af

Áætlaðar tekjur af veiðigjaldi 2007/2008

Niðurfellt veiðigjald af úthlutuðum þorski

Sjávarútvegsráðuneytið
7. desember 2007 AÁS

977			
5.980.000			
515	1,02	6.100.126	8.858.848
2.435.998	1,46	3.556.557	5.164.975
2.024.000	0,52	1.052.480	1.528.454
1.380.000			
4.687	0,38	526.181	764.142
920.000			
10.287	0,29	269.783	391.790
159.749.713	0,14	22.364.960	32.479.294
150.000.000	0,10	15.000.000	21.783.603
307.058.278	0,09	27.635.245	40.133.014
325.052.147	0,07	22.753.650	33.043.766
584.615	5,05	2.952.308	4.287.460
804.974	0,44	354.189	514.367
3.867	0,52	2.011	2.920
7.000.000	0,57	3.990.000	5.794.438
		407.858.583	
		7.100.000	10.310.906

602.619.542

165.574.601

100.456.060

127.439.678

414.958.583 þíð

114.013.232 þíð

300.945.351 þíð

437.044.941 kr

165.574.601 kr

Veðigjald fiskveiðjár		Veðigjald 2007/2008
Aflaverðmæti maí 200x - apríl 200z		84.459.395.418
Laun 39.8%		33.614.839.376
Olía	6.218.000.000	13.838.613.603
Annar rekstrarkostnaður	17.568.000.000	<u>23.400.470.116</u>
"Framlegð" - Viðmið veiðigjalds		13.605.472.323
Grunnur til útreiknings veiðigjalds		1.088.437.786
"HLF veiðigjalds af framlegð"		8,0%
Þorskígildi til grundvallar aflaverðmæti		449.693.284
Gjald á þorskígildiskíló ^{nasta} fiskveiðjár		2,42

Vísitala neysluverðs

meðaltal 2000 199,1

meðaltal maí '06-
apríl 07

265,2

1,331993973

Olía -

Meðaltal 2000

260,13

meðaltal maí 05 - apr 06

578,94

2,22557

Hækkun vísitölu frá
viðmiðun

Veiðigjald 2006/2007	Veiðigjald 2005/2006	Veiðigjald 2004/2005
67.908.716.726 kr	69.914.162.519	68.184.000.000
27.027.669.257 kr	27.825.836.683	27.137.232.000
13.184.177.450 kr	9.863.512.551	6.259.000.000
<u>21.823.232.546 kr</u>	<u>20.964.244.701</u>	<u>20.180.000.000</u>
5.873.637.473 kr	11.260.568.584	14.607.768.000
428.775.536 7,3%	743.197.527 6,6%	876.466.080 6%
469.653.224	485.735.522	441.350.000
0,91	1,53	1,99
Hækkun vísitölu frá viðmiðun		
199,1 stig	1,24221	
247,325	237,59 stig	
260,13 stig	2,1203	
551,56 stig	412,64 stig	

Alþingi
Erindi nr. P 135/469
komudagur 26.11.2007

Veidiðgjald - áætlaður úthlutaðar veiðiheimildir og landaður afli fiskveiðirárið 2007 - 2008							
Fisk-tegu nd	Heiti		Heildarmagn úr sjó	Slægingarst.	Slægður afli	Þorskiðli Áætlaður afli í 2007/2008 þág	
1 Þorskur	Innan landhelgi	Kvótategund	130.000.000	0,84	109.200.000	} 1,00	114.013.232
1 Þorskur	Norsk lögsaga	Kvótategund	3.764.297	0,84	3.162.009		
1 Þorskur	Rússnesk lögsaga	Kvótategund	1.965.741	0,84	1.651.222		
2 Ýsa	Innan landhelgi	Kvótategund	100.000.000	0,84	84.000.000	} 0,82	69.173.171
2 Ýsa	Norsk lögsaga	Utan kvóta	273.572	0,84	229.800		
2 Ýsa	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	152.053	0,84	127.725		
3 Ufsi	Innan landhelgi	Kvótategund	75.000.000	0,84	63.000.000	} 0,43	27.167.376
3 Ufsi	Norsk lögsaga	Utan kvóta	212.880	0,84	178.819		
3 Ufsi	Utan landhelgi	Utan kvóta	1.340	0,84	1.126		
5 Gullkarfi	Innan landhelgi	Kvótategund	46.935.538	1,00	46.935.538	} 0,60	33.807.596
5 Gullkarfi	Norsk lögsaga	Utan kvóta	63.752	1,00	63.752		
5 Gullkarfi	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	382	1,00	382		
61 Djúpkarfi	Innan landhelgi	Kvótategund	9.122.981	1,00	9.122.981	} 0,69	17.005.479
61 Djúpkarfi	Norsk lögsaga	Utan kvóta	10.448	1,00	10.448		
61 Djúpkarfi	Utan landhelgi	Utan kvóta	212.893	1,00	212.893		
11 Úthafskarfi	Reykjaneshr. innan	Kvótategund	20.683.755	1,00	20.683.755	} 0,69	17.005.479
11 Úthafskarfi	Reykjaneshr. utan	Kvótategund	1.547.487	1,00	1.547.487		
11 Úthafskarfi	Innan landhelgi	Utan kvóta	1.986	1,00	1.986		
11 Úthafskarfi	Utan landhelgi	Utan kvóta	2.412.394	1,00	2.412.394		
6 Langa	Innan landhelgi	Kvótategund	7.000.000	0,80	5.600.000	} 0,64	3.584.059
6 Langa	Norsk lögsaga	Utan kvóta	115	0,80	92		
8 Keiða	Innan landhelgi	Kvótategund	5.500.000	0,90	4.950.000	0,38	1.881.000
9 Steinbítur	Innan landhelgi	Kvótategund	12.500.000	0,90	11.250.000	} 0,68	7.653.361
9 Steinbítur	Norsk lögsaga	Utan kvóta	216	0,90	194		
9 Steinbítur	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	5.276	0,90	4.748		
14 Skötuselur	Innan landhelgi	Kvótategund	2.500.000	0,90	2.250.000	1,76	3.960.000

22	Grálúða	Innan landhelgi	Kvótategund	15.000.000	0,92
22	Grálúða	Norsk lögsaga	Utan kvóta	5.329	0,92
22	Grálúða	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	1.062	0,92
23	Skarkoli	Innan landhelgi	Kvótategund	6.500.000	0,92
23	Skarkoli	Rússnesk lögsaga	Utan kvóta	560	0,92
24	Sólkoli	Innan landhelgi	Kvótategund	2.647.824	0,92
25	Langlúra	Innan landhelgi	Kvótategund	2.200.000	0,92
27	Sandkoli	Innan landhelgi	Kvótategund	1.500.000	0,92
27	Sandkoli	Norðursvæði	Utan kvóta	5.095	0,92
28	Skrápflúra	Innan landhelgi	Kvótategund	1.000.000	0,92
28	Skrápflúra	Norðursvæði	Utan kvóta	11.181	0,92
30	Norsk-ísl síc	Austurmið	Kvótategund	159.749.713	1,00
30	Síld	Innan landhelgi	Kvótategund	150.000.000	1,00
31	Loðna	Innan landhelgi	Kvótategund	307.058.278	1,00
34	Kolmunni	Innan landhelgi	Kvótategund	325.052.147	1,00
40	Humar	Innan landhelgi	Kvótategund	1.900.000	0,31
41	Rækja	Flæmingjagrunn	Kvótategund	804.974	1,00
41	Rækja	Innfjarða	Kvótategund	3.867	1,00
41	Rækja	Úthafsækja	Kvótategund	7.000.000	1,00

Landaður afli annarra tegunda í þíg

Samtals áætlaður afli í þorskígild 2007/2008

Áætluð þorskveiði sem ekki á að greiða veiðigjald af

Áætluð þorskígild sem veiðigjald verður greitt af

Áætlaðar tekjur af veiðigjaldi 2007/2008


Niðurfellt veiðigjald af úthlutuðum þorski

Sjávarútvegsráðuneytið

16. júlí 2007

13.800.000 } 4.903 } 977 }	1,67	23.055.819
5.980.000 } 515 }	1,02	6.100.126
2.435.998	1,46	3.556.557
2.024.000	0,52	1.052.480
1.380.000 } 4.687 }	0,38	526.181
920.000 } 10.287 }	0,29	269.783
159.749.713	0,14	22.364.960
150.000.000	0,10	15.000.000
307.058.278	0,09	27.635.245
325.052.147	0,07	22.753.650
584.615	5,05	2.952.308
804.974	0,44	354.189
3.867	0,52	2.011
7.000.000	0,57	3.990.000

<u>407.858.583</u>	}
<u>7.100.000</u>	
414.958.583 þíg	}
114.013.232 þíg	
300.945.351 þíg	
728.408.235 kr	}
275.957.668 kr	



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/80
komudagur 5.11.2007


Reykjavík 5. nóvember 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 91. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiða. Eins og boðað var í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar, vegna niðurskurðar á þorskveiðiheimildum, gerir frumvarpið ráð fyrir að veiðigjald á veiðiheimildir í þorski verði fellt niður á yfirstandandi og næsta fiskveiðiári. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að framlengt verði um eitt ár ákvæðinu um að veiðigjald af úthafsækju sé aðeins innheimt af lönduðum rækjuafli.

Sjómannasamband Íslands ítrekar fyrri skoðun um að veiðigjaldið eigi ekki rétt á sér og ætti því að fella það niður í heild sinni. Vissulega skiptir það skref, sem lagt er til í frumvarpinu að stigið verði, miklu máli fyrir sjávarútveginn. Sjómannasamband Íslands styður því frumvarpið og væntir þess jafnframt að þetta sé aðeins fyrsta skrefið í að afnema veiðigjald af aflaheimildum almennt.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson